



# **Umf. Sindri Frjálsíþróttadeild**

**Adalfundur 25. febrúar 2021  
Skýrsla stjórnar fyrir árið 2020**

## Skýrsla stjórnar Frjálsíþróttadeildar 2020

---

Árið hefur verið skrautlegt með öllum sínum takmörkunum eins og allir vita.

Þjálfaramálin hafa verið frekar óstöðug síðastliðin ár, við höfum ekki náð að halda yfirþjálfara hjá okkur nema í skamman tíma í einu. Það gerir það að verkum að frjálsíþróttæfingar verða slitróttar og lítil stöðugleiki var í deildinni.

Í janúar var Harpa Sigríður Óskarsdóttir með frjálsíþróttæfingar hjá okkur og var hún fram á sumar og þjálfaði meðan það mátti þjálfva vegna Covid og fjöldatakmarkana.

Í sumar vorum við með æfingar fyrir 10 ára og yngri, það gekk ekki mjög vel, það voru margar ástæður fyrir því. Við prófuðum að auglýsa námskeið í frjálsum fyrir 10 ára og yngri þegar leikjanámskeiðið fór í sumarfrí í júlí, en það var dræm mæting og greinilegt að allir voru í sumarfrí. En okkur langaði til að prófa og sjá hvort börn væru á svæðinu og áhugi væri fyrir hendi, en svo var ekki.

Þau gleðitíðindi urðu þó í þessum harðindum að frjálsíþróttadeildin fékk nýjan þjálfara sem kom til starfa í september síðastliðnum og hann er ennþá. Þjálfarinn Mariano Ferreyra kemur frá Spáni og er með mikla reynslu í þjálfun á afreksfólki í sundi, þríþraut og þrekþjálfun. Hann er einnig að þjálfva hjá Sunddeild Sindra og það samstarf virkar vel, hann hefur einnig verið ráðinn hjá Knattspyrnudeildinni þar sem hann sinnir þrekþjálfun með eldri flokkum og meistaraflokkum. Með því fyrirkomulagi nær hann að hafa þetta sem aðalatvinnu og það er gott, við vonumst til að hafa hann hér sem lengst þar sem allar deildir eru ánægðar með hans störf og iðkendur einnig.

Það hafa verið þrjár æfingar á viku fyrir 1.-6. Bekk og tvisvar sinnum í viku eru æfingar fyrir 7.-10. Bekk. Á þessum æfingum hafa verið aðstoðarþjálfarar, þau Almar Páll Lárusson og Alexandra Hernandez. Það hefur ekki veitt af, mætingar hafa farið fram úr björtustu vonum og vonumst við til að það muni fjölga enn frekar þegar líður á vorið.

14 iðkendur eru hjá okkur á yngra stigi sem er 1.-5.bekkur og á eldra stigi eru iðkendurnir 16 og eru þeir í 6.-10.bekk. Samtals eru þetta 30 iðkendur.

Enn sem komið er þá eru æfingarnar að mestu leiti í íþróttahúsinu og í Bárunni en það virðist vera vor í loftinu þannig að ekki líður á löngu að iðkendur í frjálsíþróttadeildinni fari að tæta upp tartanbrautina.

## Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
<b>Rekstrartekjur</b>			
<b>Framlög og styrkir</b>			
Lottó.....		224.987 kr.	195.453 kr.
Styrkur frá UMFÍ.....		157.500 kr.	0 kr.
Barna og unglíngastyrkur.....		171.352 kr.	0 kr.
Landsmót UMFÍ.....		650.000 kr.	166.666 kr.
Covid Styrkur.....		100.000 kr.	0 kr.
Fyrirtækjastyrkir.....		80.000 kr.	80.000 kr.
Æfingagjöld.....		299.994 kr.	243.699 kr.
Aðrar tekjur.....		0 kr.	30.000 kr.
Ferðastyrkur ÍSí.....		0 kr.	12.200 kr.
Gamlárshlaup.....		0 kr.	33.500 kr.
<b>Samtals</b>		<b>1.683.833 kr.</b>	<b>761.518 kr.</b>
<hr/>			
<b>Rekstrartekjur Alls</b>		<b>1.683.833 kr.</b>	<b>761.518 kr.</b>
<hr/>			
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og verktakagr.....		457.394 kr.	480.329 kr.
Áhöld og tæki.....		67.659 kr.	415.510 kr.
Húsaleiga.....		233.386 kr.	0 kr.
Auglýsingar.....		0 kr.	35.960 kr.
Afreksstarf.....		0 kr.	51.232 kr.
Pátttökugjald í mótum.....		0 kr.	6.000 kr.
Þjónustugjald FRÍ.....		70.223 kr.	17.000 kr.
<b>Samtals rekstrargjöld</b>		<b>828.662 kr.</b>	<b>1.006.031 kr.</b>
<hr/>			
<b>Rekstarhagnaður (-tap)</b>		<b>855.171 kr.</b>	<b>-244.513 kr.</b>
<hr/>			
<b>Fjármagnsliðir</b>			
Vaxtatekjur.....		1.849 kr.	4.752 kr.
Vaxtagjöld.....		0 kr.	1.284 kr.
Fjármagnsskattur.....		235 kr.	1.046 kr.
<b>Samtals</b>		<b>1.614 kr.</b>	<b>2.422 kr.</b>
<hr/>			
<b>Hagnaður (-tap) ársins</b>		<b>856.785 kr.</b>	<b>-242.091 kr.</b>

## Efnahagsreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Áhöld og tæki.....		0 kr.	0 kr.
<b>Samtals</b>		<b>0 kr.</b>	<b>0 kr.</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Innistæður á bankareikningum.....		1.839.952 kr.	983.167 kr.
<b>Samtals</b>		<b>1.839.952 kr.</b>	<b>983.167 kr.</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>1.839.952 kr.</b>	<b>983.167 kr.</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Launatengd gjöld v. Des.....		0 kr.	0 kr.
<b>Samtals</b>		<b>0 kr.</b>	<b>0 kr.</b>
<b>Eigið fé</b>			
Eigið fé í upphafi árs.....		983.167 kr.	1.225.258 kr.
Rekstrarhalli/afgangur.....		856.785 kr.	-242.091 kr.
<b>Eigið fé í lok árs</b>		<b>1.839.952 kr.</b>	<b>983.167 kr.</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>1.839.952 kr.</b>	<b>983.167 kr.</b>

Formaður: \_\_\_\_\_

Gjaldkeri: \_\_\_\_\_

Ritari: \_\_\_\_\_

Aðrir í stjórn: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_